Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skýrslur varðandi brunatjón 1876-1906

Aðfnr. 1506, örk 5


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

úr lögregluþingbók Reykjavíkurkaupstaðar.

Ár 1906, þ. 3. ágúst var lögreglurjettur Reykjavíkur settur á bæjarþingstofunni og haldinn af Halldóri bæjarfógeta Daníelssyni með vottum Þ. Björnssyni og Jónasi Jónassyni. Þá var tekið fyrir:

Að halda rannsókn út af bruna verksmiðjunnar „Iðunn“ í nótt og gærkvöldi.

Í rjettinum mætti að tilhlutun dómarans Helgi Árnason fyrver. afgreiðslumaður verksmiðjunnar „Iðunn“, 31 ára að aldri til heimilis Grettisgötu 49 og var áminntur um sannsögli. Ber hann fram skýrslu á þessa leið: Í gær, þjóðhátíðardaginn var ekki unnið í Iðunni, og kom enginn þangað af verkamönnunum, svo að honum sje kunnugt frá því kl. 6 í fyrra kveld, nema vjelarmeistarinn Sigurður Árnason sem kom þangað í gærkveld til að kljúfa spítur, sem hann ætlaði að nota til að kveikja upp í vjelinni á morgun. Yfirh. var og sjálfur þar niður frá, fyrst í gær frá kl. 12½ – 2¼ að skrifa, var hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inn á afgreidslustofunni sem er í miðju húsinu uppi á loptinu að norðanverðu. Allar dyr á verksmiðjuhúsinu voru lokaðar og sá yfirh. ekkert, er vekti eptirtekt hans. Jón Þórðarson dyravörður hússins býr í herbergi uppi á lopti í austurenda hússins; hann hefur á hendi ræsting hússins og hafði lykil að dyrunum úr forstofunni að vestanverðu inn í verksmiðjuna. Úr þeirri forstofu er líka gengið uppí herbergi Jóns. Hann býr þar með konu sinni, hálfvöxnum syni þeirra og stúlku, en annað er þar ekki af fólki nema ungbarn stúlkunnar. Yfirh. fór alls ekki með eld, hafði ekki einu sinni eldspítur á sjer. Yfir höfuð er ekki farið með eld í verksmiðjunni, þar eru engir ofnar og engir lampar kveiktir nú um sumartímann. Eldur aðeins kveiktur í vjelarhúsinu til að kynda upp vjelina og uppi í íbúð Jóns Þórðarsonar. Yfirh. kom aptur niður að verksmiðjuhúsinu í gærkveldi um kl. 9, hann sá að flaggið hafði ekki verið dregið niður og fór til að taka það ofan. Hann gekk inn um dyrnar á vesturgaflinum, þaðan austur eptir húsinu í forstofuna sem er á því miðju að norðanverðu opnaði hana, dró niður flaggið og ljet

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það þar inn. Hann sá ekki neitt tortryggilegt heldur í það skipti, fann enga reykjarlykt eða neins önnur merki þess að kveikt hefði verið á neinn, hann fór svo og þegar hann kom heim var kl. 10 mín. yfir 9. Yfirh. veit að Sigurður Árnason vjelarstjóri var niðri í verksmiðjunni á eptir Yfirh. og að Jón Þórðarson kom enn seinna heim. Yfirh. kom að brunanum í gærkveldi á 12ta tímanum og var húsið þá mest brunnið um miðjuna, enda sögðu þeir sem fyrst höfðu komið, að eldurinn hefði fyrst brotist út um gluggana sunnanvert á miðju hússins. Yfirh. hefur enga hugmynd um að bruninn geti hafa hlotist af óvarkárni hans eða annara verkmanna við verkssmiðjuna með eld, en getur ekki ímyndað sjer annað en að einhver hafi brotist inn í húsið beinlínis til að kveikja í því, getur Yfirh. þess, að lágt var til gluggana að norðanverðu, og hægt að brjóta sig þar inn, án þess mikið bæri á, þar sem sú hliðin vissi að sjónum. Enginn mætti Yfirh. á leiðinni kl. 9 þegar hann fór niður eptir og sá ekki til mannaferða neinstaðar þar nálægt. Hann getur þess að hann hafi ekki farið neitt inn í vinnu- og vjelastofuna í gærkveldi, en gengið aðeins eptir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ganginum úr vesturendanum sem liggur beint í forstofuna í miðju húsinu norðanverðu. Yfirh. hefur enga hugmynd hver kunni að vera valdur að brunanum getur ekki ímyndað sjer að neitt af verkafólkinu, sem hefur misst atvinnu sína við brunann, sje á nokkurn hátt við hann riðinn. Í verksmiðjunni unnu 6 konur og 12 karlar að því er yfirheyrða minnir. Uppl., játað rjett bókað. Vjek frá rjetti. —

Í rjettinum mætti að tilhlutun dómarans Andras Bertelsen fyrver. forstöðumaður verksmiðjunnar „Iðunn“ síðan 1. f.m. 30 ára að aldri, og var áminntur um sannsögli. Hann skýrir frá, að hann eigi heima í Ingólfsstræti í húsi Halldórs Þórðarsonar. Í gærkveldi um kl. 12 heyrði hann til brunalúðranna, og fór þá strax niður að verksmiðjuhúsinu. Það var þá mest brunnið í miðjunni, virtist auðsætt að eldurinn hefði komið þar upp. Yfirh. þykir sennilegast að hann hafi fyrst kviknað í spunaherberginu, sem er að sunnanverðu nærst við skrifstofu yfirh. en hún er í miðju húsinu. Í spunaherberginu voru nokkrir ullarsekkir, 8–10 af þurri ull, og er yfirh. viss um að eldurinn hafi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki komið upp í sekkjum þessum við sjálfkveikju, því þeir höfðu verið skoðaðir skömmu áður. Þar á móti höfðu þeir verið mjög móttækilegir fyrir íkveikju. Í verksmiðjunni sjálfri eða vinnustofunum hefur alls ekki verið farið með eld eða ljós síðan vitnið tók við stjórn hennar, en eldur aðeins verið tekinn upp í íbúð dyravarðarins og svo auðvitað í mótor-húsinu þegar vjelin var kynt, en það er auðsætt að eldur hefur ekki kviknað á þessum stöðum sem báðir voru í og við austurenda hússins, mótorinn í sjerstöku húsi, með því að austurendi verksmiðju-hússins brann seinast og vjelarhúsinu varð bjargað, án þess að verulega kviknaði í því. Yfirh. kom ekki niður á húsið í gær, af því að það var hátíðisdagur, honum er kunnugt að Helgi Árnason og Sigurður Árnason komu þangað niður eptir í gær, en veit ekki til að annað vinnu-fólk verksmiðjunnar kæmi þar. Yfirh. hefur talað við Jón Þórðarson dyravörð og að hans sögn varð hann ekki var við neinn eld, þegar hann kom heim í gær-kvöldi kl. 11, segir að Jón muni hafa verið nokkuð kenndur í gærkveldi, en þó ekki svo að hann muni ekki vel eptir öllu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem gjörðist. Yfirh. talaði við hann á brunastaðnum í gærkveldi, og í morgun mundi Jón rjett það sem þeir höfðu talað saman. Í nótt kl. hjerumbil 2 gekk yfirh. með Jes Zimsen konsúl og A. Petersen ingeniör um Laugaveg og mættu þeir þá Samúel Guðmundssyni járnsmið nokkru fyrir austan „Mjölni". Kom hann gangandi eins og ekkert væri um að vera þar austan að og virtist vera nokkuð drukkinn, þó ekki mikið. Yfirh. hefur heyrt að þessi maður hafi áður verið grunaður um eldkveikju og því veittu þeir honum eptirtekt, gengu á eptir honum þangað til hann fór inn til sín í hús við Laugaveg þar sem hann á heima. Hann virtist og vera að taka eptir þeim leit við og við aptur fyrir sig til þeirra. Það er skoðun yfirh. að eldurinn hafi verið kveiktur af ásettu ráði í verksmiðjunni af manni sem hefur brotist þar inn um glugga eða laumast gegnum forstofuna að austanverðu, því að lykill að verksmiðjunni var vanur að hanga þar á nagla. Uppl. staðfest bjek frá rjetti. —

Mætti að tilhlutun dómarans Jón Þórðarson fyrver. dyravörður í verksmiðjunni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Iðunni", 48 ára að aldri, og var áminntur um sannsögli. Hann skýrir frá að hann hafi verið á þjóðhátíðinni seinni hluta dagsins í gær og kona hans, hún fór heim á undan honum, en hann kom ekki fyr en kl. 11. Hann var nokkuð kenndur, en ekki til muna, og veit og man allt sem gerðist. Hann gekk af Hverfisgötu yfir Elsumýrarblett niður að „Iðunni", og gekk að hliðinu að austanverðu; það var lokað og lauk kona hans því upp, þegar hann barði; hún hafði ekki þorað að láta það standa opið. Yfirh. sá engann mann á leið sinni niður að verksmiðjunni eða þar í nánd. Hann gekk upp í íbúð sína og mataðist. Konan sagði þá við hann að hann mundi hafa gleymt að taka niður flaggið; fóru þau bæði ofan, gengu í gegnum þvottaherbergið og vefnaðarherbergið inn í forstofuna í miðju húsinu norðanverðu. Hann sá þá að flaggið lá á borði í forstofunni og þóttist vita að Helgi hefði tekið það niður. Svo fóru þau upp aptur, án þess að verða neins vör, og háttuðu, en höfðu legið skamma stund þegar yfirheyrði þóttist verða var við megnan viðarreyk; hljóp hann á fætur og út í eldhús til að vita, hvort lyktin kæmi þaðan, en þar var ekkert

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um að vera. Svo fór hann niður í stigann og sá þá að þvottastofan var öll í einu reykjarkafi; hann kallaði þá í fólkið og sagði því að forða sjer út áður þess að hugsa um að bjarga neinu af munum sínum. Það kom mikið fát á yfirheyrða og í einhverju hræðslufumi braut hann út glugga á þvottastofunni líklega í því skyni að koma fólkinu þar út, sem þó ekki var nauðsynlegt með því að óhindraður gangur var út um austurdyrnar, enda fór fólkið þar út, en engu gat yfirh. bjargað af munum sínum. Úr þvottastofunni sá yfirh. gegnum reykinn að eldurinn var kominn í skrifstofu forstöðumannsins, sem er í miðju húsinu sunnanverðu, og sýndist hafa farið þaðan úr spunastofunni næst fyrir vestan, en eldurinn var þá ekki enn kominn í vefnaðarherbergið næst fyrir austan skrifstofuna. Þegar yfirh. hafði látið fólkið fara út, hljóp hann af stað og hóf kall um brunann, náði fyrst í tvo drengi, sem hann beiddi að kalla sem best þeir gætu, sjálfur var hann þá orðinn svo af sjer genginn af geðshræringu að hann gat ekki kallað meir. Yfirh. getur þess, að hann hafi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar hann kom heim af þjóðhátíðinni, en getið sjer til eptir birtunni að hún væri þá 11. þegar hann fór niður að taka ofan flaggið, tók hann ekki eptir að neins rúða væri brotin í húsinu þar sem hann gekk um. Rjett eptir að yfirh. gekk út og fólk hans, braust eldurinn út um gluggana á spunastofunni og álítur vitnið því, að hann hafi kviknað þar. Yfirh. varð var við að Helgi Arnason kom niður í verksmiðjuna ígær og var þar um tíma, áður en yfirh. fór á þjóðhátíðina, en ekki sá hann eða heyrði að neitt af vinnufólki verksmiðjunnar komi þangað ígær, ekki heldur vjelarstjórinn Sigurður Arnason en hann muni þó hafa komið meðan yfirh. var burtu. Yfirh. segir að Jóhannes í Móakoti hafi sagt sjer, að hann hafi sjeð til yfirh. í gærkveldi, þegar yfirheyrði gekk ofan að verksmiðjunni, en Jóhannes hafi komið ríðandi innan þjóðveginn. Fólkið á heimili yfirh. var auk þeirra hjónanna, stúlka með barni og sonur þeirra hálfvaxinn. Loksins getur vitnið þess, að eldurinn hafi mjög skyndilega lest sig eptir húsinu, eptir að hann hafði brotist út, og þykir vitninu það eðlilegt því að húsið var mjög þurt, og olía

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafði verið borin á vjelarnar og einkum í ullina á spunnastofunni, svo húsið hafi verið mjög eldfimt. Eigi var farið með neinn eld eða ljós í verksmiðjunni síðan hætt var að kveikja við vinnuna, og yfirh. fortekur það að hann eða kona hans hafi haft eldspýtu með sjer eða kveikt á henni, þegar þau fóru niður að taka flaggið. – Yfirh. segist ekki geta hugsað sjer að eldurinn hafi kviknað við óvarkárni, og hann getur ekki ímyndað sjer að eldurinn hafi komið upp á þeim stað, sem hann kviknaði í vestanverðu húsinu, þar sem enginn eldsvon var eða umgangur var ígðr, öðruvísi en af manna völdum og með vilja kveiktur. Upplesið staðf. Rannsókninni frestað

Rjetti slitið

Halldór Daníelsson

Þ. Björnsson
Jónas Jónasson. –

Ár 1906, þ. 4. ágúst var lögreglurjettur Reykjavíkur settur á bæjarþingstofunni og haldinn af Halldóri Daníelssyni bæjarfógeta með vottum Þ. Björnssyni og Páli Árnasyni. Þá var tekið fyrir:

Að halda áfram rannsókninni næst á undan. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í rjettinum mætti að tilhlutun dómar-
ans Sigurður Árnason Hverfisgötu 46,
28 ára að aldri og var áminntur um sann-
sögli. Ber hann fram svolátandi skýrslu.
Hann hafði á hendi að kveikja upp í
gufuvjel verksmiðjunnar Iðunn og hirða
hana að öðru leyti. Í fyrra kvöld kl. nál.
9½ fór hann niður í verksmiðjuna til að
kljúfa niður spýtur sem hann ætlaði að kveikja
upp með í vjelinni daginn eftir. Hann fór
á reiðhjóli inn Hverfisgötu og niður götuna
fyrir austan verksmiðjuna, fór hann inn í
portið austanvert, klauf þar spýturnar, gekk
svo inn í maskínuhúsið um dyrnar íer
austurenda vinnuhússins; á því húsi voru
aðrar dyr beint út í portið, lokaðar að
innan, opnaði yfirh. þær, bar spýturnar
inn í húsið lokaði dyrunum síðan að
innan og fór aftur út um hinar dyrnar,
sem gengu frá vjelahúsinu inn í austur
enda verksmiðjuhússins, þar sem þvotta-
stofan er. Yfirh. sá ekkert eftirtekta-
vert í þvottahúsinu eða verksmiðjunni
yfirhöfuð. Hann gekk ekki í kringum
húsið og varð ekki var við að neinn maður
væri þar nálægt eða inn í húsinu; hann
tók ekki eftir því, hvort flaggið var
tekið ofan, hann fór sömu leið aftur heim

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til sín, og var kl. 9 3/4 þegar hann kom heim. Ekki man hann það, að hann sæi eða mætti neinum manni á leiðinni til eða frá verksmiðjunni en segir þó að verið geti að einhver hafi verið þar á ferðinni, þó hann veitti því ekki eptirtekt einkum af því hann var á reiðhjóli. Kl. 11 3/4 heyrði hann bruna-kallið, klæddi sig strax og fór niður að verksmiðjunni. Þá hafði loginn brotist út um 2 glugga á suðurhlið verksmiðj-unnar niðri, og voru það gluggarnir í spunastofunni annaðhvort báðir eða annar þeirra og glugginn á kontórnum næst fyrir austan. Jón Þórðarson sá yfirh. þar, og var hann að brjóta glugga í þvotta-stofunni í horninu næst vjelahúsinu, og hjelt vitnið að hann ætlaði að koma fólkinu þar út eða ná út munum um gluggann. Annars veit vitnið ekkert um orsakir brunans. Upples. staðf.

Vjek frá rjetti.–

Mætti að tilhlutun dómarans sem vitni Jes Zimsen konsull 29 ára að aldri og var áminntur um sannsögli. Hann skýrir frá, að í fyrri nótt er hann var staddur á brunastaðnum hafi A. Petersen ingeniör talað um það við sig að hann hefði þá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um kveldið fyrir brunann séð mann á
sveimi í Rauðarárholtinu fyrir sunnan hús
hans, og þótt maðurinn tortyggilegur, og
fundist undarlegt að hann var á ferðinni
á þeim stað um það leyti dags. Einnig
hafði Petersen verið sagt að einhver maður
væri við Marconistöngina í Rauðarármýri
og hefði verið þar um tíma neðan á brun-
anum stóð. Þeim kom saman um að
ganga inn Laugaveg og vita, hvort þeir
sæu mann þennan og var Bertelsen verk-
smiðjustjóri með þeim. Þegar þeir komu
upp á veginn sáu þeir engann mann hjá
Marconístönginni, en skammt fyrir
innan Mjólkurhúsin nálægt húsi Brynj-
ólfs Jónssonar mættu þeir Samúel Guð-
mundssyni járnsmið; kom hann þar
innan veginn, en hvort hann hafi komið
neðan úr mýrinni, þar sem Marconi-
stöngin er, upp á veginn eða hann hafi
komið lengra að vestan eftir veginum,
sá vitnið ekki, því að leyti var þar á
veginum, svo að þeir sáu ekki Samúel
fyr en hann var allnærri þeim. Hann
gekk fram hjá þeim, án þess að heilsa,
en þeir sneru við og gengu eftir honum
og sáu til hans þangað til hann var
kominn heim til sín í húsið 27 við Laugaveg;

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann talaði ekki við neinn á leiðinni, og sneri sjer við af og til og gætti í kringum sig, hann leit ekki niður þangað sem eldurinn var og virtist ekki gefa brunanum neinn gaum. Vitnið er umboðsmaður brunabótafjelagsins „Nederlandene“, í því fjelagi og „Nordisk Brandforsikring voru allar vjelar, verkefni, vinnuefni og annað lausafje verksmiðjunnar vátryggt að 2/3 hlutum, en 1/3 hluta hafði verksmiðjan enga vátrygg-ingu fyrir. Ábyrgðar upphæðirnar eru nú að svo stöddu reiknaðar þannig, að 27500 kr lenda á hvoru fjelaginu um sig en 27000 kr. á verksmiðjunni sjálfri. Upples. staðf. Vjek frá rjetti. –

Mætti að tilhlutun dómarans sem vitni Aage Lauritz Petersen ingeniör 26 ára að aldri, búandi við Laugaveg 108, og var á-minntur um sannsögli. Hann skýrir frá, að í fyrra kveld um kl. 10 hafi hann gengið inn Hverfisgötu á leið heim til sín, sá hann þá mann sunnan skúrana sem eru á horninu milli Laugavegar og Rauðarár-stígs, og gekk hann austur Rauðarárholtið fyrir sunnan hús Stefáns B. Jónssonar. Vitninu þótti undarlegt þetta ferðalag mannsins og veitti honum eftirtekt, og maðurinn virtist einnig vera að gá að ferðum vitnisins,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því hann nam staðar og leit í átt til vitnis-
ins. Vitnið gekk svo heim til sín og upp
á hæsta hólinn á túninu við húsið, og sá
þá enn að maðurinn stóð þar í holtinu
sunnan við túngirðinguna. Vitnið gekk
svo heim að húsinu, og ljet sem það tæki
ekki frekar eptir manninum, enn hann
stóð kyrr á sama stað, og af því að vitninu
þótti maðurinn tortryggilegur. Gekk það í
áttina til hans, en þá fór hann af stað og
hvarf vitninu sjónum austur fyrir Mjölnis-
húsin. Maður þessi var í meðallagi hár,
fremur þrekinn með dökkleitt yfirskegg
og móraudan hatt á höfði, nánar getur vitnið
ekki lýst manninum eða búningi hans,
það var orðið skuggsýnt svo að hann sást
ekki glöggt. Um nóttina eptir brunann
gekk vitnið með þeim Zimsen og Bertelsen
inn Laugaveg til að grennslast eptir manni
sem hafði átt að sitja inn við Marconi stöng-
inna meðan á brunanum stóð. Þeir mættu
þá Samúel Guðmundssyni á Laugaveginum,
en vitnið veit ekki hvort hann var niður
við Marconistöngina. - Vitnið skýrir að
öðru leyti eins frá um eptirför hans eptir
Samúel eins og vitnið næst á undan. Maðurinn
sem vitnið sá í Rauðarárholti var ekki ó-
svipaður Samúel að því leyti sem vitnið gat

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjeð en virtist þó vera fullt eins gildur,
og hann hafði mórauðann hatt, enn
Samúel hafði húfu. Upples. staðf. Vjek
frá rjetti. –

Mætti að tilhlutun dómarans María
Jónsdóttir kona Jóns Þórðarsonar fyrv.
dyravarðar við Iðunni, 52 ára að aldri
og var áminnt um sannsögli. Hún
skýrir frá, að þau hjónin hafi verið heima
í íbúð sinni í verksmiðjunni fyrri
hluta þjóðhátíðardagsins og sömuleiðis
stúlkan og drengur þeirra; en eftir
miðjan dag fóru þau hjónin á þjóðhátíð-
ina, og var yfirh. þar þangað til kl. ruml.
6. þá fór hún heim, en stúlkan sem var
heima með drengnum, fór inn að Rauðará
að mjólka þar kýr, kl. 8 fór stúlkan og
drengurinn á þjóðhátíðina, en yfirh.
var ein heima með ungbarn. Þau komu
aftur kl. langt gengin 11 og Jón kom
rjett á eftir þeim; höfðu þau lokað af
því að þau hugðu Jón kominn heim.
Yfirh. minnti hann á, að hann ætti eftir
að taka ofan flaggið, og fóru þau bæði (ofan)
niður í forstofuna til þess, en þá var
búið að taka flaggið ofan og lá það á
kassa í forstofunni. Vitnið sá ekkert
athugavert niðri í verksmiðjunni og fóru

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þau upp og háttuðu; þá var kl. 11. Þau voru ekki komin í svefn þegar þau fundu að reykur var að koma inn í herbergið og hyggur yfirh. að kl. hafi þá verið um 11½. Þá fóru þau strax á fætur og flýttu sjer út hálfnakin, því að reykurinn varð þá svo magnaður. Yfirh. veit ekki til að neitt af verksmiðjufólkinu komi þangað niður um daginn, nema Helgi Árnason og Sigurður Árnason vjelarstjórinn, og engann mann varð hún vör við þar í nánd við húsið allann daginn. Uppl. staðf. Vjek frá rjetti.—

Mætti í rjettinum Friðrika Stefánsdóttir 28 ára að aldri, vinnukona Jóns Þórðarsonar og var áminnt um sannsögli. Hún skýrir frá, að hún hafi verið í vinnu þjóðhátíðardaginn til kl. 2½; þá kom hún heim, en hjónin fóru á þjóðhátíðina. Um kl. 6 fór yfirh. inn að Rauðará, að vinna þar verk, sem hún hefur á hendi, en drengurinn var heima hjá börnunum. Kl. um 8 kom hún aptur og fór svo með drenginn nál. kl. 9 á þjóðhátíðina; þau komu aptur á 11. tímanum og Jón rjett á eptir þeim. Þau mættu engum og sáu engar mannaferðir í nánd við verksmiðj-una þegar þau fóru eða komu. Þau sóttu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vatn í brunn sunnan við húsið, áður en þau hátturðu og leit vitund þá í gluggana á þvottastofunni og vefnaðarstofunni og var þar ekkert að sjá. Um kl. 11 voru allir háttaðir á heimilinu. Yfirh. var við það að sofna þegar þau fundu reykinn þá var kl. um 11½. Yfirh. varð þess ekki vör að neinir af verkamönnum verksmiðjunnar kæmu þangað í fyrra dag. Upples. staðf. Vjek frá rjetti

Mætti að tilhlutun dómarans Amundínus sonur Jóns Þórðarsonar, 19 ára að aldri og var áminntur um sannsögli. Hann skýrir frá að hann hafi verið heima í fyrra dag allann daginn þangað til nál. kl. 9 um kveldið, þá fór hann með Friðriku á þjóðhátíðina. Þaðan voru þau komin heim og háttuð kl. 11. Áður en þau hátturðu sóttu þau vatn í brunn sunnan við húsið, þau sáu þá ekkert athugavert. Engan sáu þau í nánd við verksmiðjuna þegar þau fóru eða komu. Yfirh. varð ekki var við að neitt af verkafólki verksmiðjunnar kæmi þangað niður eptir um daginn. Yfirh. var að sofna þegar reykurinn fór að koma inn í svefnherbergið. Hann veit ekki nákvæmt hvað kl. var þá. Upples. staðfest. –

Kann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sókninni frestað. –

Rjetti slitið
Halldór Daníelsson

J. Björnsson
Páll Arnason. —

Ár 1906, þann 9. ágúst var lögreglurjettur Reykjavíkur settur á bæjarþingstofunni og haldinn af bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni með vottum Halldóri Stefánssyni og Olafi Jónssyni. Þá var tekið fyrir:

að halda áfram rannsókninni viðvíkjandi bruna á verksmiðjunni „Iðunn“

Mætti í rjettinum sem vitni Chr. Zimsen konsúll 65 ára að aldri og var áminntur um sannsögli ber fram svolátandi skýrslu undir eiðstilboði: Vitnið er í stjórn hlutafjelagsins „Iðunn“ og hefur haft á hendi eptirlit með reikningshaldi og bókfærslu reikningshaldara fjelagsins Helga Árnasonar, sem einnig hefur annast innheimtu á reikningum eða útistandandi skuldum fjelagsins og eptir tilvísun öll gjaldkerastörf sem snerta rekstur verksmiðjunnar, en þannig að hann hefur skilað vitninu afganginum og því sem ekki hefur þurft til rekstursins í bráð, og aptur fengið hjá vitninu peninga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar hann brann. Vitnið hefur fylgst
með bókhaldi Helga og reikningsfærslu
og álítur að það hafi verið í sæmilegu
lagi hjá honum eða óaðfinnanlega af
hendi leyst. Um síðustu mánaðamót
hafði Helgi fengið 600 kr. hjá vitninu til
þess að borga verkafólki og vinnulaun og er
vitninu kunnugt um að sú upphæð hefur
gengið til þess og að sögn Helga var lítið
sem ekkert af peningunum í sjóði þegar
verksmiðjan brann, enda álítur vitnið það
sennilegt að svo hafi verið, því ekkert veru-
legt hefði goldist nú þessa síðustu viku.
Í júlímánuði síðastliðnum leit vitnið á
höfuðbók hjá Helga, og sá að reglulega var
innfært í bókina og sömuleiðis í dagbókina.
Vitnið skýrir frá að allar bækur verksmiðj-
unnar sem Helgi hafði undir höndum hafi
farist í brunanum, hafði hann gleymt að
leggja þær niður í járnkassa, sem til þess
var ætlaður og hann var vanur að geyma
þær í; að sögn Helga hefði hann verið að
skrifa þjóðhátíðardaginn og hafði hann haft
bækurnar við á skrifstofunni og gengið þar
frá þeim án þess að leggja þær í kassann
eins og hann var vanur, en kassinn var
geymdur í herbergi í austurenda hússins
nálægt íbúð Jóns Þórðarsonar. Vitnið hefur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

engan grun og segist enga ástæðu hafa til að gruna að Helgi sje neitt viðriðinn brunann fyrir þá sök að hann hefði þurft að leyna bókfærslunni eða gjaldheimtu vjelaverksmiðjunnar, efni unnið og óunnið og aðrir innanstokksmunir voru virtir á 82000 kr., þar af voru hjerumbil 2/3 eða 55000 kr. vátryggðar hjá brunabótafjelögum „Nederlandene“ og „Nordisk Brandforsikring“ að helmingi hjá hvorum, en 27000 krónur af virðingarverðinu var óvátryggt af því að fjelögin gerðu það að skilyrði að verksmiðjan væri sinn eiginn vátryggjandi að þriðja partinum. Vitnið veit ekki til að það hafi komið fyrir nokkru sinni áður að eldur hafi kviknað þar í verksmiðjunni. Uppl. staðf. Vjek frá rjetti.-
Mætti í rjettinum slökkviliðsstjóri Hannes Hafliðason 57 ára að aldri og var áminntur um sannsögli. Hann skýrir frá að hann hafi komið að brunanum nál. kl. 11 1/2, hann var ásamt mörgum öðrum staddur á hátíðarsvæðinu á Landakoti þegar brunans varð fyrst vart og sá þaðan reykjarmökkinn og fór þá strax á brunastaðinn og ljet færa þangað slökkvitólin. Eldurinn var þá, þegar hann kom að, kominn upp úr þakinu og út um gluggana á miðju

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húsinu sunnanverðu; hann leit snöggvast norður fyrir húsið og sá þar engann eld, en eldurinn hafði læst sig eptir þakskegginu á suðurhlið hússins beggja megin út frá miðjunni og var bálið orðið svo mikið að ekki var viðlit að slökkva það. Hann álítur vafalaust að eldurinn hafi kviknað fyrst í miðju húsinu sunnanverðu í kontórnum eða næsta herbergi við. Vitnið svipaðist aðeins norður fyrir húsið og athugaði ekki nánar hvort rúður voru heilar á þeirri hlið hússins. Það reyndist ómögulegt að bjarga verksmiðjunni sjálfri og varð aðeins varið vjelarhúsið við austurenda hússins og geymsluhúsið skammt fyrir vestan hana. Um orsakir brunans hefur vitnið ekki orðið neins var og getur því enga skýrslu gefið um það. Verksmiðjan brann niður á rúmum klukkutíma; hún var öll úr timbri og viðurinn í henni mjög þur. Upples. staðf. Vjek frá rjetti. —

Mætti í rjettinum Helgi Arnason verkstjóri í verksmiðjunni. Honum, sem hefur verið yfirheyrður við þessa rannsókn og var áminntur um sannsögli. Hann skýrir frá að bækur allar tilheyrandi verksmiðjunni sem hann hafði í sínum vörslum hafi farist í brunanum; hann gleymdi að leggja þær í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

járnkassann, sem þær áttu að geymast í
og sem var í herbergi í austurenda hússins
uppi á lopti, hann var eins og hann hefur
áður skýrt frá að færa inn í bækurnar á
þjóðhátíðardaginn frá kl. 12½ - 2¼ reikn-
inga sem áttu að fara með „Hólar“ daginn
eptir. Í skrifstofunni hafði hann lítinn peninga
kassa en í honum var aðeins ein króna í
einseyringum; í skrifborðsskúffunni voru
á að giska 15 kr. í smápeningum, en aðrir
peningar voru þar eigi. Yfirh. var ætíð vanur
að fara með bækurnar á kvöldin áður en hann
fór úr verksmiðjunni yfir í herbergið þar sem
járnkassinn var og loka þær þar niður, og
var þetta í fyrsta skipti sem hann hefur
gleymt því. Yfirh. segir að ekkert hafi
verið að sjá athugavert í vesturhelmingi
verksmiðjunnar þegar hann kom þangað
um kvöldið kl. 9, hann gekk þá eins og
hann hefur áður borið inn um vesturendann.
og gegnum vinnustofuna þar sem spuna-
vjelarnar voru á aðra hönd með norðurhlið
inni og kembingarvjelar og tvinnunarvjel
hinu megin með suðurhliðinni; tvinningar
vjelin næst skrifstofunni sem er í miðju
húsinu sunnanverðu, hún var lokuð og sá
yfirh. ekki inn í hana. Yfirh. getur því
fullyrt að ekki væri neinn eldur eða elek-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kveikja í þeim hluta verksmiðjunnar
er hann gekk um kl. 9 um kvöldið og
honum þykir ólíklegt að eldur hafi þá
verið kviknaður í skrifstofunni þar sem
eldsins varð ekki vart fyr en kl. milli 11
og 12. Yfirh. reykir ekki og fór ekki með
neinar eldspítur í verksmiðjunni hvorugt
skiptið sem hann var þar. Yfirh. er viss
um að hann lokaði verksmiðjunni eptir
sig í bæði skiptin þegar hann fór og að
allar rúður voru heilar í vesturhelmingi
verksmiðjunnar um kvöldið kl. 9 og allir
gluggarnir lokaðir að því er yfirh. þykist
mega fullyrða. Upps. staðf. Vjek frá rjetti.—

Mætti í rjettinum sem vitni Bjarnhjeðinn
Þorsteinsson fyrverandi verkamaður í
Iðunni 48 ára að aldri og var áminntur um
sannsögli. Hann skýrir frá að hann hafi
ekki komið inn í verksmiðjuna Þjóðhátíðar-
daginn, og hann hafi ekki orðið var við
að neitt af verkafólkinu færi þangað niður
eptir þann dag, en þeir Helgi Árnason og
Sigurður Árnason hafa sagt vitninu að
þeir hafi komið þar þá um daginn, en
vitnið hefur ekki heyrt annað af verka-
fólkinu hafa orð á því að það hafi komið
þar, en auðvitað hafi Jón Þórðarson dyra-
vörður og heimilismenn hans verið þar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lengur eða skemur um daginn; með eld-
færi eða ljós var ekki farið í verksmiðjunni
nema þegar vjelin var kynnt og svo í
íbúð Jóns Þórðarsonar í austurhluta
hússins. Verkafólkið fór úr verksmiðjunni
á venjulegum tíma kl. 6 síðdegis á
miðvikudaginn. Vitnið á heima í Grettis-
götu 8 og var háttaður og sofnaður þegar
farið var að þeyta lúðrana, og þegar hann
kom á brunastaðinn kl. rúmlega 12 á að
giska stóð verksmiðjan í björtu báli. Hann
reyndi til að ná bókum er hann átti í
litargeymsluherberginu í austur enda
hússins en ~~frá~~ varð að hverfa frá aptur.
Vitnið getur engar upplýsingar gefið um
upptök eldsins. Upplesið staðf. Vjek frá rjetti.
Rannsókninni frestað.
Rjetti slitið
Halldór Daníelsson
Halldór Stefánsson
Ólafur Jónsson.-
Ár 1906, þann 13. ágúst var lögreglu-
rjettur Reykjavíkur settur á bæjarþings-
stofunni og haldinn af hinum reglulega
dómara Halldóri Daníelssyni með
vottum Halldóri Stefánssyni og Jónasi
Jónassyni. Þá var
haldið áfram rannsókn út af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bruna Klæðaverksmiðjunnar
„Iðunni“

Fyrir rjettinum mætti samkvæmt fyrirkalli Samúel Guðmundsson járnsmiður til heimilis Laugaveg 27, 45 ára að aldri og var alvarlega áminntur um sannsögli. Yfirh. ber fram í þessa leið. Hann segist hafa verið háttaður og sofnaður fimmtudagskvöldið 2. þ. m. þegar eldur Hann segist hafa vaknað við brunakallið, farið á fætur og gengið niður eptir áleiðis á brunastaðinn en ekki alla leið, segir hann að með sjer hafi gengið kona Gunnars Gunnarssonar trjesmiðs, sonur hans og vinnukona. Yfirh. segist ekki hafa farið alla leið af því hann hafi verið lasinn, en horfið aptur eptir stutta stund – ekki lengra en 5 mínútur, eptir að hann hafi litið á eldsbrunann álengdar, svo fór hann rakleitt heim og háttaði og svaf í rúmi sínu alla nóttina. Á leiðinni til baka segist hann hafa mætt Guðrúnu Jónsdóttir sem býr í sama húsi og yfirheyrði á Laugavegi. Yfirh. segist hafa verið með öllu ódrukkinn þann dag, ekki hafa bragðað vín. Yfirh. ímyndar sjer að klukkan hafi verið um 12 eða á 12. tímanum þegar hann gekk út og kom heim

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aftur. Yfirh. gekk með þessu fólki, er hann hefur nefnt, inn Laugaveg, staðnæmdust þau við brúna, er liggur yfir Rauðarárlækinn og horfðu þaðan á eldinn, svo gekk yfirh. upp í holtið fyrir ofan skúrana við Rauðarárstíg til þarfinda sinna, og fór svo heim aftur. Hann neitar því að hann hafi farið lengra inneftir veginum eða að hann hafi verið á fótum eða á ferli úti eftir það að hann fór heim og skildi við nefnt fólk. Hann segist aldrei hafa komið að Marconi stönginni, hvorki fyr nje síðar og niður að Hamarsverksmiðjunni segist hann ekki hafa komið síðan í fyrra. Þjóðhátíðardaginn segist yfirh. hafa verið að smíða í smiðju sinni allann fyrri hluta dags til kl. 2, þá hafi hann farið inn til sín og verið heima allann síðari hluta dagsins og ekkert farið út fyr enn um kvöldið eða nóttina eins og hann hefur áður skýrt frá. Hann segir að konan sín hafi verið heima allann daginn og ekki farið neitt á hátíðina en börnin hafi farið þangað og verið þar skemur eða lengur um daginn. Yfirh. segist hafa verið með gráa kollhúfu (six pence) þegar hann fór út þjóðhátíðarkvöldið, svartan hatt segist hann eiga, en engan annan hatt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og ekki sett hann uppi síðan aðgjörð hans var gjörð í aprílmánuði. Upplesið staðf.

Með því að framburður yfirh. kom eigi heim við aðra vitnisburði er fram eru komnir við þessa rannsókn, ákvað dómarinn að hafa hann í haldi fyrst um sinn til morguns og var yfirh. samkvæmt því látinn í geymsluvarðhald.

Rannsókninni frestað.

Rjetti slitið

Halldór Daníelsson

Halldór Stefánsson

Jónas Jónasson.

Ár 1906, þ. 13. ágúst kl. 4 síðd. var lögreglurjettur Reykjavíkur settur á bæjarþingstofunni og haldinn af bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni með vottum Halldóri Stefánssyni og Ólafi Jónssyni, þá var

haldið áfram rannsókn út af bruna klæðaverksmiðjunnar „Iðunn“

Í rjettinum mætti sem vitni Guðmundur Helgason 36 ára að aldri til heimilis Grettisgötu 43 fyrverandi verkamaður við verksmiðjuna „Iðunn“ og var áminntur um sannsögli. Vitnið skýrir frá, að það hafi ekki komið í verksmiðjuna eða að henni þjóðhátíðardaginn og veit ekki til að neinn annar af vinnufólki verksmiðj-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafi komið þangað þann dag nema Sigurður Árnason og Helgi Árnason. Vitnið háttaði og sofnaði um kvöldið kl. 9 1/2 og vaknaði ekki fyrri enn við lúðraganginn þegar vart varð við brunann. Kvöldið áður fór vitnið úr verksmiðjunni ásamt öðru verkafólki á venjulegum tíma kl. 6 og sagði verksmiðju-stjórinn þeim að þeir skyldu hafa frí daginn eptir. Vitnið vann mest á þvottastofunni við þóf og litun og pressunar. Vitninu er ekki kunnugt um ullarbyrgðir verksmiðj-unnar, en þær munu hafa verið geymdar á loptinu í vesturenda hússins og vitnið veit ekki hvort nokkuð af ullinni hafi legið niðri í spunastofunni hjá spunavjel-unum og því er ekki kunnugt um að geymdar hafi verið í verksmiðjunni byrgðir af neinum efnum hvorki ull nje öðru er kviknað geti í af sjálfu sjer. Annars er vitninu ekkert kunnugt um upptök eldsins, og hefur ekki heyrt neitt er geti verið til upplýsingar í því efni. Vitnið kom á brunastöðvarnar kl. rúmlega 12 og var þá eldurinn farinn að gjósa upp um þakið og gluggana á miðju húsinu að sunnanverðu. Uppl. staðf. Vjek frá rjetti.

Í rjettinum mætti sem vitni Valdimar Loptsson 34 ára að aldri, til heimilis Vitastíg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. fyrv. verkamaður í Iðunni og var áminntur um sannsögli. Vitnið skýrir frá að það hafi ekki komið í verksmiðjuna eða að henni þjólhátíðardaginn. Segist vitnið hafa verið heima allann daginn, nema stund um morguninn, er það fór á kappreiðarnar, og vitnið veit ekki hvort nokkur annar af verkafólkinu hafi komið þangað niður eptir þann dag. Vitnið háttaði kl. 9 1/2 um kvöldið, en vaknaði við lúðrablásturinn nál. kl. 11 1/2 og fór þá strax niður að verksmiðjunni. Þá stóð bálið næst upp úr skrifstofunni á sunnanverðu húsinu miðju. Vitnið vann við spunavjelarnar í vestri hluta hússins; þar í stofunni sem spunavjelarnar voru og kembingarvjelarnar lágu nokkrir pokar í horninu næst skrifstofunni með úrgangsull í, voru þeir ekki fleiri en 10, og 5-10 ℔ af ull í hverjum, lá ullin laus í pokunum ótroðin og þannig frá því gengið að ókugsandi var að kviknað gæti í ullinni, því þrýstingur var enginn, enda vóru pokarnir hreyfðir nær því daglega og vitnið man ekki betur en það færði þá eitthvað til kvöldið áður en brann. Líka var þar í tveimur pokum, tróða sem gengið hafði úr ullinni og sópað hafði verið saman undan vjelunum, sjerstaklega kembingarvjelinni á miðvikudagskvöldið, þessir pokar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lágu skammt frá ullarpokunum, og vitnið segir að þessi ullar úrgangur auðvitað hafi verið eldfimur, en alls ómögulegt að eldur hafi kviknað í því við sjálfkveikju. Vitnið veit ekki til að nein efni hafi verið geymd í verksmiðjunni er kviknað gæti í sjálfkrafa, með eld eða ljós var ekki farið í verksmiðjunni síðan í vor að hætt var að kveikja. Vitnið veit ekkert um upptök eldsins og hefur ekki heyrt neitt er gæti veitt upplýsingar um það. Uppl. staðf. Vikið frá rjetti. —

Í rjettinn mætti sem vitni Bergþóra Bergþórsdóttir 46 ára að aldri, til heimilis Frakkastíg 12, áður við vinnu í verksmiðjunni Iðunni og áminnt um sannsögli. Vitnið skýrir frá að það hafi ekki komið niður í eða að verksmiðjunni þjóðhátíðardaginn og viti ekki til þess að neinn annar af vinnufólki verksmiðjunnar hafi komið þar þann dag. Vitnið fór úr verksmiðjunni kvöldið áður á venjulegum tíma kl. 6. Hún var uppi á Landakotstúni þegar eldsins varð vart og fór þá innettir þangað ásamt öðrum fleiri og var þá loginn kominn upp úr verksmiðjuhúsinu, mest á miðjunni að sunnanverðu. Vitnið segir að eitthvað lítils háttar af ull hafi legið þar í smápokum í spuna- og kembingardeildinni, þar sem hún vann,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það voru afgangar úr vjelunum af þeirri ull er tekin var fyrir til vinnu í hvert skifti, sinn litur í hverjum poka, það var ekki nema litið í hverjum poka, og ekki troðið í þá. Vitnið segir að það sjé ómögulegt að kviknað hafi í þessum pokum af sjálfu sjer. Vitnið segir að það hafi verið sópað undan vjelunum á miðvikudagskveldið, en hvað við það hafi verið gjört veit það ekki, en venjulega var það borið upp á loptið. Vitnið veit ekkert um upptök eldsins, og hefur ekkert heyrt þar að lútandi. Upplesið, staðfest. Vjek frá rjetti. –

Í rjettinum mætti sem vitni, Gísli Jónsson fyrver. verkamaður í „Iðunni", 41 árs að aldri til heimilis Laugaveg 50 og var áminntur um sannsögli. Vitnið ber það fram að það hafi komið niður að verksmiðjunni 2. þ.m. kl. 9 um morguninn til að skila þangað handvagni sem Helgi Arnason hafði ljeð vitninu. Vitnið stóð þar ekkert við og varð ekki var við neinn mann þar. Það veit ekki til að neinn annar af verkafólkinu hafi komið þar niður eptir þann dag. Vitnið vaknaði við það kl. nálægt 12, þegar blásið var í brunalúðrana, og fór ofan á brunastöðvarnar. Þá var eldur kominn í húsið frá miðjunni og vestur úr. Vitnið vann í vefnaðar-

deildinni austan við skrifstofuna. Þar voru engin eldfim efni geymd, og vitnið veit ekki til að neitt af slíkum efnum hafi verið í verksmiðjunni; sýrur sem notaðar voru til litunar voru allar geymdar í vjelahúsinu sem ekki brann. Vitnið var ekki kunnugt í spuna og kembingardeildinni, en hyggur því að þar hafi engin ull verið geymd eða látin liggja, nema einhverjir afgangar af þeirri ull sem unnið var úr. Með eld eða ljós var ekki farið í verksmiðjunni síðan hætt var að kveikja í vor. Vitnið veit ekki og hefur ekki heyrt neitt um hvernig eldurinn muni hafa komið upp. Uppl. staðf. Vjek frá rjetti.-

Í rjettinum mætti sem vitni Þorsteinn Þorsteinsson fyrv. verkamaður í verksmiðjunni. Vitnið 56 ára að aldri, til heimilis Hverfisgötu 23 og var áminntur um sannsögli. Vitnið ber fram svohljóðandi skýrslu: Það kom ekki í verksmiðjuna eða að henni, þjóðhátíðardaginn og var allan daginn í Þjóðhátíðinni nema stund um miðjan daginn er það fór heim til að borða. Þegar eldsins varð vart um kvöldið var vitnið uppi á Þjóðhátíðarsvæðinu á Landakotstúninu, og fór þá niður á brunastöðvarnar, en varð með þeim seinustu af því að vitnið er seint til gangs. Þá var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verksmiðjan að miklu leyti brunninn og komin að því að falla. Vitnið vann við tætingarvjelina í verksmiðjunni, en sú vjel var í suðurenda vjelahússins sem ekki brann. Vitnið veit ekki til að neitt hafi verið af eldfimum efnum í verksmiðjunni eða slíkum efnum er kviknað geti í sjálfkrafa. Vitnið veit ekki og hefur ekki heyrt neitt um hvernig á upptökum eldsins stendur og getur ekki neitt um það borið. Upplesið staðfest. Vjek frá rjetti. —

Rannsókninni frestað.

Rjetti slitið

Halldór Daníelsson

Halldór Stefánsson

Ólafur Jónsson. —

Ár 1906, þ. 14. ágúst var lögreglurjettur Reykjavíkur settur á bæjarþingstofunni og haldinn af bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni með vottum Halldóri Stefánssyni og Jónasi Jónassyni. Þá var haldið áfram rannsókninni út af bruna á Klæðaverksmiðjunni Iðunn 2. þ. m.

Mætti í rjettinum að tilhlutun dómarans sem vitni Jes Zimsen, og ber fram undir eiðstilboði að það standi að öllu leyti fast við fyrri framburð sinn, þar á meðal sjerstaklega það að þeir Petersen ingeniör, Bertelsen verkstjóri og vitnið, hafi mætt Samúel Guðmundssyni brunanóttina undir kl. 2 á þjóðveginum fyrir innan „Mjölnir“ eða nálægt húsi Brynj-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úlfr Jónssonar og vitnið er í engum vafa um að það var Samúel og enginn annar. Hvort Samúel hafi komið innan þjóðvegins lengra eða neðan spítalavegins eða úr holtunum þar í kring veit vitnið ekki; því það sá fyrst Samúel á leið stutt innar á veginum. Uppl. staðf. —

Mætti í rjettinum vitnið Petersen ingeniör. Vitnið ítrekar fyrri skýrslu sína um að þeir Zimsen konsúll, Bertelsen verkstjóri og vitnið hafi mætt Samúel Guðmundssyni á þjóðveginum fyrir austan „Mjölnir“. Vitnið sá Samúel fyrst á þjóðveginum og veit ekki hvort hann hefur komið lengra innan vegins eða úr holtunum eða úr mýrinni þar í kring. Hann gekk veginn beint inn í bæinn, og inn í húsið Nr. 27 við Laugaveg, sá vitnið ekki að hann færi neitt út af veginum. Vitnið þekkti Samúel í sjón, þótt það vissi ekki nafn hans þá um nóttina. Það hafði komið til hans áður í smiðju hans við Laugaveg. Vitnið segir að klukkan hafi sjálfsagt verið farin að ganga 2 er þeir mættu Samúel, en hve mikið getur vitnið ekki sagt nákvæmt. Uppl. staðf.

Mætti í rjettinum Samúel Guðmundsson járnsmiður og var áminntur um sannsögli. Hann stendur fast á því að hann hafi ekki farið lengra inn eptir Laugaveginum heldur en inn fyrir Rauðarárbrúna í nánd við hús

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stefáns B. Jónssonar nóttina þá sem „Iðunni“ brann, en neitar því að hafa farið lengra inn eptir veginum eða mætt þar fyrir innan „Mjólni“ áðurnefndum mönnum. Honum voru gjörðir kunnir vitnisburðir þeirra og stendur hann samt sem áður fast við framburð sinn. Hann segist hafa farið á fætur þegar blásið var í lúðrana og verið þar inni meðan hann drakk kaffi og svo gengið inn veginn eins og hann hefur áður sagt. Uppl. staðfest.–

Vitnin Jes Zimsen og A. L. Petersen ítrekuðu vitnisburð sinn í áheyrn yfirh., en hann ítrekar það samt, að hann muni ekkert til þess að hann hafi gengið lengra inn eptir Laugaveginum eða mætt þar neinum mönnum fyrir innan „Mjólni“ þessa nótt. Vitnin viku frá rjetti og yfirh. einnig.–

Mætti í rjettinum sem vitni konan Salvör Guðmundsdóttir kona Gunnars Gunnarssonar trjesmiðs 43 ára að aldri til heimilis Ingólfsstræti 4. Vitnið skýrir frá að hún hafi verið uppi á Landakotstúni þjóðhátíðarkvöldið og farið heim til sín áður en vart varð við eld í „Iðunni“. Hún heyrði það ekki fyr en hún kom upp í Bankastræti af drengjunum sem komu austan úr bæ, að eldur væri kominn upp í „Iðunni“. Hún gekk svo heim til sín og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ætlaði að vekja mann sinn ef hann væri sofnaður, en húsið var þá lokað og enginn heima, gekk hún svo með dreng sinum 7 vetra gömlum og vinnustúlku Kristínu Guðmundsdóttir inn Laugaveg og þar hitti hún Samúel járnsmið Guðmundsson nálægt húsi Arinbjarnar Sveinbjarnarsonar, kom hann að sjá heiman að frá sjer vestan stígsins; gengu þau svo inn veginn og niður stíginn sem er fyrir austan Steinni og fylgdist Samúel með; þar var margt fólk fyrir og veit vitnið ekki hvað varð af Samúel úr því. Hann talaði ekki við vitnið á leiðinni svo hún muni annað en það, að hann hafði orð á því að það væri ljótt að sjá þennan bruna. Þetta segir vitnið að hafi verið um kl. 12 því slökkviliðið var þá að drífa að brunastaðnum. Uppl. staðf.
Vjek frá rjetti.—

Mætti aftur í rjettinum Samúel Guðmundsson og var áminntur um sannsögli; Hann segist ómögulega geta munað neitt til þess að hann hafi farið lengra inn eftir Laugaveginum heldur en hann hefur áður skýrt frá, en hinsvegar þykir honum ólíklegt að vitnin sem hann veit að eru vandaðir menn, mundu bera það fyrir rjettinum ef það væri ekki satt að þeir hefðu mætt honum í þeirri slóð sem þeir hafa tilgreint. Það geti því verið að framburður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeirra sje rjettur þó hann hafi ekki minni til þess og hann getur þess að hann sje orðin mjög minnissljóvur, og opt ruglaður í höfðinu sem geti verið afleiðing af óhóflegum drykkjuskap hans áður fyrrum, þó hann segist ekki hafa bragðað vín í allann vetur og sumar þangað til fyrra sunnudag. Hafi hann gengið lengra inn eptir veginum, segist hann muni hafa gjört það til að fá sjer frískt lopt því hann hafi verið heima allann daginn og sofið meiri hluta eptirmiðdagsins. — Uppl. staðf. —
Rannsókninni frestað.

Rjetti slitið
Halldór Daníelsson

Halldór Stefánsson
Jónas Jónasson. —

Ár 1906, 14. ágúst var lögreglurjettur Reykjavíkur settur á bæjarþingstofunni og haldinn af hinum reglulega dómara Halldóri Daníelssyni með vottum Þ. Björnssyni og Ólafi Jónssyni
Þá var tekið fyrir.
Að halda áfram rannsókninni næst á undan.

Mætti að tilhlutun dómarans Anna Guðmundsdóttir kona Samúels járnsmiðs Guðmundssonar, og var ítarlega áminnt um sannsögli. Skýrir hún frá á þessa leið: Þjóðhátíðardaginn var yfirh. heima fyrri hluta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dagsins, og var Samúel maður hennar líka
ýmist heima þá eða í smiðju, sem hann
hefur hjá Jóni Felixsyni. Yfirh. segir hann
hafi komið heim með beizli, sem hann hafi
verið að gjöra við, og ræður af því, að hann
hafi verið í smiðju. Um miðjan daginn
fór yfirh. upp á þjóðhátíð, og var Samúel
farinn út skömmu á undan, hún var skamma
stund á þjóðhátíðinni, og kom svo heim aptur
og varð þá ekki vör við Samúel. Svo fór
hún eptir nokkra stund aptur upp á þjóð-
hátíð og kom þaðan aptur kl. að ganga 9,
þá heyrði hún að Samúel var uppi á loptinu
hjá Guðrúnu Jónsdóttur, sem þar býr. Hún
varð ekki vör við að Samúel færi neitt út
um kvöldið eða nóttina. Yfirh. háttaði
skömmu áður en vart varð við brunann,
því hún var ekki sofnuð þegar farið var
að þeyta lúðrana. Samúel sem sefur í
sama herbergi og yfirheyrða, var þá ekki
háttaður, og hyggur yfirh. að hann hafi
allt af verið uppi á lopti hjá Guðrúnu.
Yfirh. fór á fætur þegar hún heyrði til
brunalúðranna og fór niður á brunastaðinn.
þá var Samúel ekki háttaður, en þegar yfirh.
eptir stutta stund kom heim aptur var
Samúel sofnaður í rúmi sínu. Yfirh. fór
svo aptur niður að brunanum og var þar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lengur í það skiptið og var brunanum að mestu leyti lokið og flest fólk farið frá honum þegar hún fór heim. Samúel var þá enn í rúminu, og veit Yfirh. ekki til að hann hafi farið neitt út meðan hún var burtu. Upplesið staðf. Vjek frá rjetti.–

Mætti sem vitni Guðrún Jónsdóttir hús-kona, til heimilis Nr. 27 á Laugavegi, 50 ára að aldri og var áminnt um sannsögli. Vitnið skýrir frá að hún hafi verið heima að öðru hvoru þjóðhátíðardaginn og að öðru hvoru á hátíðinni á Landakotstúni, en um kl. 8 um kvöldið kom hún alfarin heim og fór ekki út eptir það fyr en brunalúðrarnir heyrðust. Þegar hún kom heim kl. 8 stóð Samúel Guðmundsson við hliðið á girðingunni við húsið; töluðust þau þar við eitthvað og bauð vitnið honum upp til sín uppá kaffi. Hann fór svo upp með vitninu, drakk kaffi og sat hjá henni alllengi. Svo kom Vilborg Guðnadóttir, húskona sem býr á loptinu í vestur enda hússins inn til þeirra og bauð þeim upp á kaffi inni hjá sjer; fóru þau með henni og drukku kaffi og sátu inni hjá Vilborgu þangað til þau heyrðu brunakallið; þá fór vitnið niður á brunastaðinn og vissi ekki hvað varð af Samúel úr því; en frá því kl. 8 og þangað til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var vitnið stöðugt með Samúel, missti aldrei sjónar á honum, og getur fullyrt að hann fór ekkert út á því tímabili. Þetta kvaðst vitnið geta staðfest með eiði hvenær sem krafist verði. Hvar Samúel hafi verið um daginn veit vitnið ekki glöggt, en hyggur hann hafi verið við smíðar og stundum heima; hún sá hann um miðjan daginn gegnum gluggann á eldhúsinu, og var hann þá að borða, optar man vitnið ekki að hún sæi hann um daginn, en um morguninn þegar hún fór fyrst upp á þjóðhátíðina heyrði hún til hans í eldhúsinu. Upplesið staðf. Vjek frá rjetti. –

Mætti Samúel járnsmiður Guðmundsson og var áminntur um sannsögli. Hann heldur því fram, að hann hafi ekkert farið frá húsinu sem hann býr í seinni hluta þjóðhátíðardagsins og ekkert fyrri hlutann nema í smiðjuna hjá Jóni Felixsyni. Síðari hluta dagsins segist hann hafa sofið af og til og verið úti kringum húsið að öðru hvoru. Um kvöldið segist hann hafa farið upp á loptið til Guðrúnar Jónsdóttur og Vilborgar Guðnadóttur og drukkið kaffi hjá þeim, fyrst hjá Guðrúnu. Hann veit ekki hvað klukkan var þegar hann fór inn til Guðrúnar en hann segist ekki hafa verið lengi inni hjá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

henni; þau fóru svo yfir um til Vilborgar og voru þar þegar brunakallið kófst. Þá segist ákærði hafa farið inn Laugaveg eins og hann hefur áður skýrt frá. Upplesið staðfest. –

Eftir málavöxtum áleit dómarinn ekki næga ástæðu til að hafa ákærða lengur í haldi og veitti honum heimfararleyfi. –

Rannsókninni frestað. –

Rjetti slitið
Halldór Daníelsson

Þ. Björnsson
Ólafur Jónsson. –

Rjett útskrifað staðfestir
Halldór Daníelsson.

Ritlaun 5. 25
fimm krónur tuttugu og fimm aur
borgað. H.D.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur